

**Efni: Blönduð byggð - Ljárskógar. Breyting á aðalskipulagi Dalabyggðar 2020- 2032**

Breiðafjarðarnefnd hefur kynnt sér tillögu að breytingu á aðalskipulagi Dalabyggðar 2020-2032. Nefndin ítrekar ábendingu um niðurstöður umhverfismats frá fyrri umsögnum, dags. 20. september 2023 og 15. janúar 2024.

Kafli 4.4 greinargerðarinnar inniheldur mat á umhverfisáhrifum, bæði í töflum (sjá töflu 1 hér fyrir neðan) og skýringum.

## NÁTTÚRA OG LANDSLAG

Matsspurning/ Vægiseinkunn	Núll-kostur	A-kostur	B-kostur
Hefur stefnan/valkosturinn áhrif á svæði á náttúruminjaskrá?	0	-	0
Hefur stefnan/valkosturinn áhrif á svæði sem njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga?	?*	?*	?*
Hefur stefnan/valkosturinn áhrif á lykilstærferfi eða mikilvægar vistgerðir?	?*	?*	?*
Hefur stefnan/valkosturinn áhrif á og raskar fágætum landslagsheildum eða breytir ásýnd lands?	+	-	-
Veldur stefnan/valkosturinn aukinni losun gróðurhúsalofttegunda?	+	-	-

\* Óvissa er um nákvæmni vistgerðakorta á skipulagssvæðinu, sbr. umfjöllun í kafla 2.1, undirkafla um náttúru.

Tafla 1: Tillaga að umhverfismati samkvæmt greinargerð vegna aðalskipulagsbreytingar. Heimild: Greinargerð vegna aðalskipulags Dalabyggðar 2020- 2032 – Ljárskógar; bls. 16.

Nefndin bendir á núll-kost þar sem engar skipulagsbreytingar yrðu leyfðar á svæðinu.

Breiðafjarðarnefnd er sammála breytingum sem voru gerðar á matinu en breytingar virðast ekki hafa skilað sér í framsetningu texta, sbr. kafla 4.5, þar sem niðurstöður eru teknar saman. Þar segir m.a.: „núll-kostur hefur heilt yfir óveruleg áhrif á þá umhverfisþætti sem voru til skoðunar [...]”<sup>1</sup>. Breiðafjarðarnefnd telur að núll-kostur hafi í heild sinni jákvæð áhrif á skipulagssvæðið, þar sem meirihluti matsþátta er merktur grænn eftir að breytingar voru gerðar á umhverfismati.

Breiðafjarðarnefnd telur auk þess að áhrif a-kosts á skipulagssvæði séu ekki dregin nægilega vel fram í niðurstöðum greinargerðarinnar. Niðurstöður sýna fram á að „í heildina [séu] umhverfisáhrif af valkostinum jákvæð en einnig neikvæð”<sup>2</sup>. Þegar umhverfismatið er skoðað sést að enginn matþáttur a-kosts er talinn vera jákvæður. Jákvæð áhrif vegna skipulagstillögu finnast aðeins í greiningu fyrir

<sup>1</sup> Dalabyggð. (2024). *Greinargerð - Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032 – Ljárskógar*; bls. 18.

<sup>2</sup> Ibid.

atvinnu og samfélag. Umhverfisáhrif a-kosts eru talin neikvæð og ættu niðurstöður að endurspeglar það að mati Breiðafjarðarnefndar.

Að lokum undirstrikar Breiðafjarðarnefnd enn og aftur mikilvægi landslags Breiðafjarðar við skipulagssvæðið. Ljárskógar liggja meðfram strandlengju Breiðafjarðar sem er vernduð samkvæmt lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar. Framkvæmdir á og við verndarsvæðið munu hafa áhrif á landslag og þar með verndargildi verndarsvæðisins. Breiðafjarðarnefnd telur að með breytingum sem hafa verið gerðar á greinargerðinni sé tekið meira tillit til verndarsvæðis Breiðafjarðar og fagnar nefndin því. Mikilvægt er hafa verndargildi verndarsvæðis Breiðafjarðar að leiðarljósi þegar kemur að uppbyggingu svæðisins.

Virðingarfyllt,

F.h. Breiðafjarðarnefndar



---

Erla Friðriksdóttir,  
formaður Breiðafjarðarnefndar